

Sp. 102. Tillaga til þingsályktunar [77. mál]

um sameiningu tollgæzlu og löggæzlu.

Flm.: Karl Kristjánsson.

Alþingi ályktar að skora á rikisstjórnina að athuga, hvort ekki væri haganlegt og ávinningur til sparnaðar að sameina á ýmsum verzlunarstöðum tollgæzlu og almenna löggæzlu.

Greinargerð.

Sums staðar á verzlunarstöðum, þar sem ríkið kostar tollgæzlumenn lengri eða skemmri tíma úr ári, hafa þeir ekki viðfangsefni, svo að teljandi sé, nema annað veifið eða þegar skipkomur eru. Tolleftirlitið getur verið nauðsynlegt, en með þessu fyrirkomulagi er ekki fullnotaður vinnukraftur, sem ríkið kaupir. Menn þessir gætu jafnframt tollgæzlunni unnið að almennri löggæzlu, ef þeim væri ætlað það þar, sem slíka þjónustu vantar, en það mun víða vera á þessum stöðum.

Þá kunna einnig að finnast dæmi þess — eins og nú standa sakir — að löggæzlumenn einhverra staða gætu bætt á sig tollgæzlunni.

Þetta þarf að athuga, eins og tillagan gerir ráð fyrir. Full samvinna þarf að verða — þar sem hún á við — um framkvæmd þessara mála milli þeirra ráðuneyta, sem hin almenna löggæzla og tollgæzlan heyrar undir.